

64. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, Végarði , 06.05 2014, kl. 13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar, Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann Fr. Þórhallsson, Lárus Heiðarson og Þorvarður Ingimarsson.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Skýrsla oddvita
2. Ársreikningur Fljótshrepps 2013, síðari umræða
3. Boð um ársfund Menningarráðs Austurlands 2014
4. Ósk um álit sveitarstjórnar á framkvæmdum er varða Geitagerði
5. Samþykkt um afgreiðslur byggingarnefndar í Fljótshreppi
6. Dvalarheimili aldraðra á Egilsstöðum, drög að nýrri samþykkt
7. Sveitarstjórnarkosningar 2014
8. Drög Umhverfisstofnunar að 3ja ára áætlun um refaveiðar og áætlanafarm sveitarfélaga.
9. Ósk um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr námum til vegagerðar.
10. Ósk um umsögn um landskiptasamning og staðfestingu skv. skipulagslögum
11. Ósk um greiðsluþátttöku vegna skólagöngu 2ja grunnskólabarna í öðru sveitarfélagi.
12. Bréf
 - a) Atvinnu-og nýsköpunarráðuneytið dags. 15.04
 - b) Umhverfisstofnun dags. 14.04
 - c) Afrit af bréfi Fljótshrepps til Vatnajökulspjóðgarðs dags. 03.04
 - d) Skipulagsstofnun dags. 14.04
13. Fjárbeiðnir
 - a) Hallormsstaðaskóli 07.04 og 30.04
 - b) Guðbjörg Agnarsdóttir og Sigurbjörg Lovísa Árnadóttir/Ungmennaráð Samfés
 - c) Hörður Guðmundsson Refsmýri
14. Fundargerðir
 - a) Samtök orkusveitarfélaga 28.03 2014, ásamt ársreikningi 2013
 - b) Minjasafn Austurlands 11.04 2014, ásamt ársreikningi 2013 og endurskoðunarskýrslu
 - c) Samgöngunefnd SSA 07.04 2014
 - d) Félagsmálanefnd 09.04 2014
 - e) Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótshrepps og Landsbankans 29.04

f) Dvalarheimili aldraðra 10.04

g) Byggingarnefnd 30.04

15.Önnur mál.

1. Skýrsla oddvita

Oddviti sat fund um samgönguáætlun á Egilsstöðum 10.04. Þar mættu fulltrúar innanríkisráðuneytisins og vegamálastjóri og kynntu meginmarkmið og áherslur ráðherra við gerð samgöngu-og fjarskiptaáætlunar 2014-2026.

Haldinn var fræðslufundur í Végarði um varmadælur og úttekt Hitamynda á íbúðarhúsum í Fljótsdal 22.04. 4 íbúðarhús stóðust viðmið varðaði hitatap og orkunotkun. Baldvin /Hitamyndir veitti húseiganda þess húss sem best kom út viðurkenningu. Til skoðunar er að komið verði á tilraunaverkefni um að settar verði varmadælur í 2 hús, þar sem orkunotkun er sérstaklega mikil. Á fundinum kom fram að raunhæft markmið væri að ná 50% sparnaði í orkunotkun, ef settar væru upp varmadælur fyrir hitun íbúðarhúsa.

Kynningarfundur um tillögu að Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030 var haldinn í Végarði 29. 04. Athugasemdafrestur um tillöguna rennur út 15. 05.

Vinumálastofnun hvetur sveitarfélög til að taka þátt í átaksverkefni um að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn í sumar.

Innanríkisráðuneytið minnr á að sveitarstjórnir eiga að hafa lokið staðfestingu ársreikninga sveitarfélaga, eigi síðar en 15.05.

Jöfnunarsjóður kynnr áætlanir um framlög úr Jöfnunarsjóði 2014. Fljótsdalshreppur nýtur ekki lengur framlaga úr sjóðnum, nema vegna ólokinna uppgjöra framlaga fyrri ára.

ÚÍA vekur athygli á tillögum sem unnið var með á 64 sambandsþingi ÚÍA og þakkar austfirskum sveitarfélögum beittan fjárhagsstuðning.

Hafinn er undirbúningur að PocetGuide verkefninu sem samþykkt var að Fljótsdalshreppur taki þátt í Steingrímur Karlsson hefur verið fenginn til aðstoðar við efnisvinnslu, en efni þarf að skila í júní.

2. Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2013, síðari umræða.

Rekstrartekjur hafa lækkað frá fyrra ári um 12 millj. kr. munar þar mest um framlög Jöfnunarsjóðs sem eru nánast fallin niður vegna nýrra úthlutunarreglna sjóðsins. Rekstrargjöld hækkuðu milli ára um 1,1 millj. Ekki varð af flutningi Laugarfellskála og gistihúsa við Végarð, yfir í Laugargarð ehf á árinu 2013, eins og gert var ráð fyrir þegar fjárhagsáætlun var gerð og veldur það mismun í ársreikningi þegar hann er borinn saman við upphaflega fjárhagsáætlun. En að mestu skýrist mismunur á upphaflegri fjárhagsáætlun og niðurstöðu ársreiknings af reiknuðum liðum þ.e. innri leigu, afskriftum og innra láni sem voru vanáætlaðir liðir. Úthlutun umhverfisstyrkja varð umfram áætlun. Hlutur í Sláturfélagi Austurlands var afskrifaður á árinu þar sem félagið sætti slitameðferð, en keyptur var hlutur í Gróðrarstöðinni Barri ehf og hluti styrks til Óbyggðaseturs var breytt í hlutafjárloforð. Endurbætur á vegi frá Hrafnkelsstöðum að Vallholti hófust ekki á áætluðum tíma og færir því hluti af fyrirhuguðum framkvæmdum ársins 2013, yfir á yfirstandandi ár. Viðauki var gerður við fjárhagsáætlun og er hann sýndur til skýringar í ársreikningnum. Rekstur er jákvæður fyrir afskriftir, en í endurskoðunarskýrslu er bent á að heildarrekstrarstaða sveitarfélagsins standist ekki fjárhagsviðmið litíð til þriggja síðustu ára og þótt fjárhagsstaða sé sterk og skuldir langt innan við sett viðmið, þurfi að ná betra jafnvægi í rekstri á næstu

árum, auka tekjur eða minnka kostnað. Fræðslu og uppeldismál eru stærsti kostnaðarliður sveitarfélagsins og er sá liður um 60% af rekstri. Nemendum Hallormsstaðaskóla hefur fækkað og unnið er að endurskipulagningu skólastarfs, sem mun væntanlega lækka kostnað við umræddan lið, litið til næstu ára.

Anna Jóna vakti athygli á að meðferð innri leigu er ekki með sambærilegum hætti í ársreikningi gagnvart Laugarfellsskóla og gistihúsum við Végarð.

Helstu niðurstöðutölur ársreiknings Fljótshrepps 2013, í þús. kr.:

Rekstrartekjur A og B hluta	137.497,-
Rekstrargjöld A og B hluta	132.222,-
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	5.275,-
Afskriftir A og B hluta	28.156,-
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði (22.881,-)	
Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld)	3.247,-
Rekstrarniðurstaða	(19.634,-)
Eignir samtals	865.594,-
Skuldir og skuldbindingar samtals	56.833,-
Handbært fé í árslok	62.208,-

Oddviti bar ársreikning Fljótshrepps fyrir árið 2013 upp til atkvæða og var reikningurinn samþykktur samhljóða. Að því loknu áritaði sveitarstjórn ársreikning.

3. Boð um ársfund Menningarráðs Austurlands 2014. Fundurinn er afstaðinn.

4. Ósk um álit sveitarstjórnar á framkvæmdum er varða Geitagerði.

Málið varðar frágang Vegagerðarinnar á lagningu/endurnýjun virkjanarörs í gegnum veg ofan Geitagerði við endurbætur á veginum sem fóru fram fyrir árið 2000. Heimarafstöð hefur verið í Geitagerði frá 1954. Árið 2010 varð rof á röri við veginn (þar sem tengd voru saman rör Vegagerðarinnar og eldra rör) og fékk landeigandi sérfræðing til að skoða aðstæður og skv. þeirri úttekt hefur frágangi Vegagerðarinnar við lagningu rörsins verið ábótavant. Deilur hafa staðið með aðilum um málið síðan. Vegagerðin fyrirhugar vegaf framkvæmdir í landi Geitagerðis í sumar og vill ganga til samninga um lausnir, hvað varðar umrætt vatnsrör sem og fyrirhugaðar framkvæmdir við endurbætur á vegi í landi Geitagerðis.

Skeggi Þormar óskar eftir að sveitarstjórn, eða sérfræðingar hennar kynni sér málið og fer fram á að verði niðurstaðan sú að ekki hafi verið staðið að málum í samræmi við stefnu Fljótshrepps, verði send áminning til Vegagerðarinnar.

Ekki er til staðar stefna sveitarfélagsins hvað varðar opinberar framkvæmdir, mikilvægt er þó að fyllsta öryggis sé gætt við framkvæmdir þannig að ekki skapist slyshætta af. Almennt lítur sveitarstjórn svo á að valdi framkvæmdaraðilar tjóni á eignum annarra, beri þeim að bæta það tjón. Ekki er annað að sjá af málsgögnum en betur hefði mátt standa að framkvæmdum þegar Vegagerðin endurnýjaði rör í gegn um vegsvæðið. Vegagerðin hefur lagt fram tilboð um lausn mála og hvetur sveitarstjórn aðila til að ná sem fyrst ásættanlegri niðurstöðu.

5. Samþykkt um afgreiðslur byggingarnefndar í Fljótshreppi

Ráðuneyti Umhverfis- og auðlinda lagði til orðalagsbreytingar á drögum að Samþykkt um bygginga- og skipulagsnefnd í Fljótshreppi, en drögin voru send ráðuneytinu til staðfestingar. Helsta breytingin er að samþykktin verður að heita „Samþykkt um afgreiðslur byggingarnefndar í

Fljótsdalshreppi, þar sem skýrt þarf að vera að samþykktin er sett samkv. mannvirkjalögum, nefndin fer eigi að síður einnig með verkefni er mælt er fyrir í skipulagslögum. Oddviti hefur fyrir hönd sveitarfélagsins samþykkt breytingarnar og samþykktin verður staðfest í ráðuneytinu svo breytt og birt í Stjórnartíðindum.

6. Dvalarheimili aldraðra á Egilsstöðum, drög að nýrri samþykkt

Þegar Dvalarheimili aldraðra/DHA sem Fljótsdalshérað, Borgarfjarðarhreppur og Fljótsdalshreppur eiga og reka, hætti starfsemi sambýlis og gerði aðrar breytingar á rekstri félagsins fyrir u.þ.b. 2 árum, varð félagið að stofni til aðeins leigu- og rekstrarfélag íbúða fyrir aldraðra. Stjórn félagsins hefur unnið drög að nýrri samþykkt fyrir félagið og sent hana aðildarsveitarfélögum til afgreiðslu. Félagið heitir nú Ársalir og er tilgangur þess samkvæmt 3.gr. að byggja, kaupa, eiga og hafa umsjón með leiguhúsnæði til íbúa sem eru 60 ára og eldri á starfssvæði Ársala. Sveitarstjórn samþykkir samþykktirnar fyrir hönd Fljótsdalshrepps.

7. Sveitarstjórnarkosningar 31. maí 2014.

Síðasti dagur til þess að flytja lögheimili vegna kjörskrár er 10 maí. Frestur til þess að skila framboðslistum til kjörstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi er kl. 12 á hádegi 10 maí. Sveitarstjórnarmenn sem hyggjast ekki gefa kost á sér til áframhaldandi setu skulu tilkynna þá ákvörðun til kjörstjórnar fyrir lok framboðsfrests. Sveitarstjórn mun koma saman til fundar til að yfirfara kjörskrá þegar hún liggur fyrir.

8. Drög Umhverfisstofnunar að 3ja ára áætlun um refaveiðar og áætlanaform sveitarfélaga.

Undanfarin tvö ár hefur ríkið ekki tekið þátt í kostnaði sveitarfélaga við refaveiðar, en á fjárlögum næstu 3ja ára er gert ráð fyrir fjármunum til verkefnisins. Forsenda endurgreiðslna er að sveitarfélög geri samninga við ríkið um veiðar. Umhverfisstofnun hefur sent sveitarfélögum til umsagnar drög að áætlun til þriggja ára um refaveiðar. Drögin bárust 11. apríl og umsagnarfrestur var veittur til 30. apríl. Svo skammur umsagnarfrestur er þess valdandi að sveitarstjórn getur ekki nýtt sér boð um umsögn þar sem drögin bárust eftir aprílfund sveitarstjórnar og frestur til að skila umsögn rann út áður en að næsta fundi kom.

9. Ósk um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr námum til vegagerðar.

Vegagerðin áformar framkvæmdir á Upphéraðsvegi um vegamót á um 4,22 km kafla frá Bolalæk að enda bundins slitlags við Brekkugerði. Vegurinn liggur um jarðirnar Arnheiðarstaðir, Geitagerði og Hús. Áætlað er að verkið verði unnið í sumar og að því lokið í haust. Sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr námum í landi Hamborgar, Arnheiðarstaða og Húsa, vegna endurbyggingarinnar. Áætluð efnistaka í námu við Arnheiðarstaði er 7.000 m³, námu við Hús 3.950 m³ og í námu á Hamborgarmel/Bessastaðamel 4.050 m³. Samningum er ekki lokið við alla námurétthafa.

Fyrirhuguð efnistaka samræmist skipulagi og efnistaka ekki af þeirri stærðargráðu að hún sé umhverfismatsskyld. Sveitarstjórn samþykkir að veita framkvæmdaleyfi og á von á að samningar við landeigendur liggi fyrir þegar framkvæmdir hefjast. Framkvæmdaleyfisgjald verður kr. 50.000,- Oddvita og lögfræðingi sveitarfélagsins falið að gefa leyfið út.

Sveitarstjórn fagnar framkvæmdum á vegum í sveitarfélaginu sem stuðla að bættum samgöngum og umferðaröryggi.

Þorvarður vék af fundi 16:45 og Lárus tók við fundarritun

10. Ósk um umsögn um landskiptasamning og staðfestingu skv. skipulagslögum

Eigendur jarðanna Bessastaða og Eyrarlands hafa gert með sér landskiptasamning. 22,8 hektarar samkv. meðfylgjandi uppdraetti, af landi Bessastaða verður eign Eyrarlands. Með vísan í 13 gr. Jarðalaga nr. 81 2004, samþykkir sveitarstjórn landsskiptin fyrir sitt leiti og með vísan í 48 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, er byggingarfulltrúa og Oddvita falið að staðfesta uppdraettina.

11. Ósk um greiðsluþáttöku vegna skólagöngu 2ja grunnskólabarna í öðru sveitarfélagi

Þorvarður Ingimarsson og Sólveig Ólafsdóttir sækja um greiðsluþáttöku Fljótsdalshrepps vegna skólagöngu Arnars og Hjálmars í Egilsstaðaskóla, Fljótsdalshéraði skólaárið 2014-2015. Samþykkt.

12. Bréf

- a) Atvinnu-og nýsköpunarráðuneytið dags. 15.04.
Fljótsdalshreppur fékk styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða 2,300,000 kr vegna Hengifossverkefnis.
- b) Umhverfisstofnun dags. 14.04
Kynnt. Varðar áætlun um refaveiðar.
- c) Afrit af bréfi Fljótsdalshéraðs til Vatnajökulspjóðgarðs dags. 03.04
Varðar uppbyggingu og rekstur upplýsingamiðstöðva í sveitarfélögum sem liggja að Vatnajökulspjóðgarði. Kynnt.
- d) Skipulagsstofnun dags. 14.04.
Sveinn Þórarinsson verkfræðingur hefur verið tekin á skrá Skipulagsstofnunar sem skipulagsfulltrúi Fljótsdalshrepps.

13. Fjárbeiðnir

- a) Hallormsstaðaskóli 07.04
Varðar varðveislu og skráningu gagna t.d. frá ýmsum viðburðum úr skólanum. Sótt er um 300.000 kr styrk frá sveitarfélagunum sem standa að skólanum. Sveitarstjórn óskar eftir að skólanefnd taki ákvörðun um varðveislu gagnanna og telur það hagsmuni beggja sveitarfélaganna að gögn verði varðveitt. Þá er sveitarstjórnin hlynnt því að kostnaði við varðveislu gagna verði fundin staður innan rekstrarkostnaðar skólans og litið á hann sem hluta af breytingarkostnaði við endurskipulagningu skólastarfs.

Hallormsstaðaskóli 30.04.
Varðar auglýsingu í skólablað Hallormsstaðaskóla. Samþykkt að kaupa auglýsingu á 25.000 kr.
- b) Guðbjörg Agnarsdóttir og Sigurbjörg Lovísa Árnadóttir/Ungmennaráð Samfés
Óska eftir styrk til ferðar til Svíþjóðar í sumar á vegum Samfés. Samþykktur 10.000 kr styrkur.
- c) Hörður Guðmundsson Refsmýri
Óskar eftir styrk til að kaupa skógarvagn með krana, spili og drifi á hjólum aftan í fjórhjól. Því miður telur sveitarstjórn sér ekki fært að verða við styrkbeiðninni.

14. Fundargerðir

- a) Samtök orkusveitarfélaga 28.03 2014, ásamt ársreikningi 2013.
Kynnt.

- b) Minjasafn Austurlands 11.04 2014, ásamt ársreikningi 2013 og endurskoðunarskýrslu. Kynnt.
- c) Samgöngunefnd SSA 07.04 2014. Kynnt.
- d) Félagsmálanefnd 09.04 2014. Kynnt.
- e) Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans 29.04. Engar umsóknir bárust vorið 2014 og samþykkti stjórn að auglýsa aftur eftir umsóknum.
- f) Dvalarheimili aldraðra 10.04. Kynnt.
- g) Byggingarnefnd 30.04.

Liður 1. Sauðburðarskýli í Bessastaðagerði. Byggingarnefnd veitir fyrir sitt leiti stöðuleyfi til eins árs. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Liður 2. Sauðburðarskýli í landi Skriðuklausturs. Byggingarnefnd veitir fyrir sitt leiti stöðuleyfi til eins árs, ef staðsetning skýlisins verður samþykkt af forráðamönnum Gunnarsstofnunar og Vatnajökulsþjóðgarðs. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Liður 3. Lóðaleigusamningur vegna sumarbústaðalóðar í landi Hrafnkelsstaða. Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leiti og felur byggingarfulltrúa að sjá til þess að lóðin verði skráð. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Liður 4. Gæðastjórnunarkerfi fyrir embætti byggingarfulltrúa. Sveitarstjórn samþykkir að Fljótsdalshreppur verði aðili að verkefni um uppsetningu gæðastjórnunarkerfisins. Áætlaður kostnaður er í byrjun talin 50-70.000 kr. + vsk, fyrir hvert embætti.

Fundargerð byggingarnefndar að öðru leiti kynnt og staðfest í heild.

15. Önnur mál

- a) Sigríður Björnsdóttir kom á fund sveitarstjórnar og ræddi málefni Hússtjórnarskólans.
- b) Sveitarfélagið hefur fengið 3 eintök af bókinni „Saga Skriðuklausturs í Fljótsdal“ eftir Agnar Hallgrímsson.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.35

Þorvarður og Lárus rituðu fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)